

Nd.

670. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um þingsköp Alþingis.

Flutningsm. Björn Kristjánsson.

1. Við 16. gr.

Aftan við orðin »og eigi fleiri en 5 í neinni nefndinni«, í 3. málsgrein, komi:

Fjárveitinganefndin í neðri deild skal þó jafnan vera 7 manna nefnd og í efri deild 5 manna nefnd.

2. Við 32. gr.

Síðasta málsgrein orðist svo:

Ef fjárveitinganefnd í einu hljóði, með nafnakalli, sem bók- að sje í fundabók nefndarinnar, mælir í móti einhverri fjár- veitingu, þarf $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða til þess að fjárveitingin nái fram að ganga.

3. Við 53. gr.

Síðari málsgrein orðist svo:

Ef þingmaður er fjarstaddur í leyfisleysi, þá missir hann af kaupi sínu þann dag.